

Viðauki II



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr samráði PFS um drög að ákvörðun
varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á verðskrá
fyrir aðstöðuleigu (hýsingu)**

3. júní 2014

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Kostnaðargreining Mílu	4
2.1	Almennt um kostnaðargreiningu Mílu	4
2.2	Skipting rekstrarkostnaðar á svæði	5
2.3	Fjárfestingar Mílu í hýsingum	7
2.4	Kostnaður vegna þjóðvegaútboðs GSM 1	8
3	Niðurstaða kostnaðargreiningarinnar	9

1 Inngangur

Í þessu skjali er að finna samantekt þeirra svara og athugasemda sem bárust vegna samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um frumdrög ákvörðunar varðandi kostnaðargreiningu fyrir aðstöðuleigu búnaðar í húsum og möstrum. Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 28. janúar 2014 og lauk samráðinu þann 21. febrúar sl.

Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin:

- Fjarskipti hf. – hér eftir nefnt Vodafone
- Alþýðusamband Íslands – hér eftir ASÍ
- Fjarskiptasjóður

Athugasemdirnar eru flokkaðar saman eftir efni. Leitast hefur verið við að greina allar þær athugasemdir sem máli skiptu og svara þeim. Í lok umfjöllunar um hverja athugasemd er stutt samantekt um afstöðu PFS.

Vegna eðli þeirra athugasemda sem komu frá Vodafone voru athugasemdir þeirra sendar til Mílu til umsagnar.

2 Kostnaðargreining Mílu

2.1 Almennt um kostnaðargreiningu Mílu

Vodafone vísar í kostnaðargreininguna þar sem fram komi að Míla leigi út hýsingu í um 540 húsum og tækjarýmum og um 400 möstrum. Sum þeirra tækjarýma sem Míla hafi tekjur af séu í eigu annarra aðila og þau rými væru eingöngu leigð Símanum og innan Mílu.

Vodafone telur að skoða þurfi sérstaklega hvort það fyrirkomulag Skiptasamstæðunnar að ákveðnir hýsingarstaðir séu einungis í boði fyrir hana, samræmist fjarskiptalögum hvað varðar félög með umtalsverðan markaðsstyrk sem og að skoðuð verði áhrif þessa fyrirkomulags á verð fyrir hýsingu sem allir geta nýtt sér.

Að mati Vodafone eigi jafnræðisreglan verulega undir högg að sækja í framangreindu tilfelli og sé það mikilvægt að PFS leggi mat á fyrirkomulag Skiptasamstæðunnar út frá fjarskiptalögum.

Í andsvörum Mílu við athugasemdum Vodafone vísar Míla því á bug að fyrirtækið hafi hafnað aðstöðuleigu í rýmum sem Míla hafi til umráða eins og Vodafone hafi ýjað að í athugasemdum sínum. Míla bendir á að þótt fram hafi komið að sum tækjarýma væru í eigu annarra aðila og eingöngu leigð af Mílu og Símanum væri ekki þar með sagt að Míla hafi á einhvern hátt takmarkað aðgang annarra að þeim. Á vef Mílu sé að finna rúmlega 570 tækjarými sem viðskiptavinir Mílu geti haft aðgang að og séu þessi rými þar á meðal.

Míla hafi ekki hafnað neinum viðskiptavini um aðstöðuleigu nema málefnaleg ástæða hafi verið fyrir hendi. Síðastliðið haust hafi Míla hafnað Vodafone um aðstöðuleigu í Skyggni. Ástæðan væri sú að í kjölfar úttektar þótti húsnæðið óhæft til leigu þar sem rafmagnsmál voru ekki í lagi. Hefði það húsnæði verið tekið úr greiningunni hefði það leitt til hækkunar á húsaleigu þar sem hagnaður væri af því húsnæði.

Þá eru 14 rými í greiningunni ekki birt á vefnum en þar er aðallega um að ræða rými sem leigð eru af Neyðarlínunni. Það sé eingöngu Míla sem leigi þessi rými. Hefðu þessi rými verið tekið út úr greiningunni hefði leiguverð einnig hækkað en miðað við drög að verðskrá er einnig hagnaður af þessum rýmum.

Afstaða PFS

PFS tekur undir að það sé mikilvægt að jafnræðisreglan sé virt. Telji Vodafone að á sér sé brotið leggur PFS til að Vodafone leggi fram formlega kvörtun þar að lútandi og yrði það þá tekið fyrir í sérstöku kvörtunarmáli.

Í andsvörum sínum tilgreindi Míla að á vef fyrirtækisins væri listi yfir rúmlega 570 tækjarými sem viðskiptavinir Mílu geti haft aðgang að. Þetta eru fleiri rými en reiknað var með í kostnaðargreiningunni og því óskaði PFS eftir frekari skýringum á þessu. Í

svari Mílu kemur fram að sá listi sem birtist á netinu hefur ekki verið uppfærður, þannig að rýmum sem hafi verið lokað og/eða þau seld séu enn á listanum, auk þess sem hús séu tvítalin, beri ekki kostnað, séu nýskráð o.s.frv. Míla hyggst fljótlega birta nýjan og uppfærðan lista. Míla staðfesti að rekstrarkostnaðurinn sem tilgreindur hafi verið í greiningunni sé réttur og að ekki þurfi að taka út eða bæta við rekstrarkostnaði einstakra rýma.

Vodafone bendir á að kostnaðargreindu verðin séu opinber verð fyrir hýsingaraðstöðu sem sé aðgengileg öllum. Sá kostnaður sem falli til við að reka hýsingarstaði sem einungis séu aðgengilegir Skiptasamstæðunni eigi því ekki erindi inn í kostnaðargreinda verðskrá fyrir hýsingu að mati Vodafone. Vodafone telur það óásættanlegt að Míla taki slíkan kostnað inn í reiknilíkan fyrir hýsingarverð þar sem um sé að ræða hýsingarstaði sem séu töluvert dýrari í rekstri en aðrir hýsingarstaðir. Það sé mat Vodafone að háttsemi sem þessi feli það í sér að kostnaðargreind verð fyrir hýsingu verði mun hærri en þau væru annars.

Þá telur Vodafone það mjög mikilvægt að PFS skoði framangreint fyrirkomulag út frá ákvæðum fjarskiptalaga sem og skoði hvaða áhrif kostnaður hýsingarstaða sem einungis eru aðgengilegir Skiptasamstæðunni hafi á kostnaðargreindu hýsingarverðin fyrir hýsingarstaði sem eru í boði fyrir alla.

Í andsvörum Mílu kom fram að samtals 15 rými væru tekin með í kostnaðargreiningunni án þess að vera aðgengileg fyrir aðra aðila. Míla bendir á að hefðu þessi rými verið tekin út úr greiningunni hefðu leiguverð hækkað. Miðað við þau drög að gjaldskrá sem nú liggja fyrir sé hagnaður af þessum rýmum upp á um [...] kr.

Afstaða PFS

Eins og fram hefur komið í andsvörum Mílu þá eru 15 rými sem eru í kostnaðarlíkaninu og ekki er veittur aðgangur að eins og er. Að mati PFS er nauðsynlegt að miða við að allir hýsingarstaðir séu með í kostnaðargreiningu Mílu óháð því hvort einn eða fleiri aðilar nýti viðkomandi aðstöðu. Hafa ber í huga að leiguverð Mílu á aðstöðu gildir jafnt hvort sem um er að ræða innri eða ytri sölu.

2.2 Skipting rekstrarkostnaðar á svæði

Vodafone gerir athugasemdir við þann kostnað sem sé talinn vera langstærsti kostnaðurinn í liðnum „annar kostnaður“ í greiningunni þ.e. símakostnað á hýsingarstöðum. Vodafone efast um að það sé mikil þörf á að hafa umrædda síma á hýsingarstöðum Mílu og hvort það sé eðlilegt að leggja slíkan kostnað á önnur fjarskiptafélög. Sé ekki hægt að sýna fram á mikilvægi þess leggur Vodafone til að hann verði lagður niður og kostnaður við hýsingu lækki samhliða því.

Þá telur Vodafone að það sé mjög opið hvað falli undir viðhaldskostnað vegna óvissustigs og að PFS þurfi að skilgreina það betur. Vodafone bendir á að þegar lýst

hafi verið yfir ákveðnu óvissustigi, t.d. vegna eldgosa og snjóflóða, þurfi öll fjarskiptafélög að tryggja þær þjónustur sem þau veita. Sá kostnaður sem að því hljótist falli alfarið á félögin sjálf. Vodafone efist um réttlæti þess að önnur fjarskiptafélög þurfi einnig að bera kostnað Mílu vegna sambærilegra aðgerða við að tryggja sína þjónustu.

Í andsvörum Mílu bendir Míla á að fast símasamband í tækjarýmum sé liður í öryggisstefnu Mílu. Ef upp kæmi meiriháttar rof á fjarskiptasambandi t.d. í kjölfar óveðurs og annarra náttúruhamfara hafi Míla talið það mikilvægt að hafa tengdan síma inni í tækjarýmum. Þegar sambandslaust verði eins og í kjölfar jarðskjálftans 17. júní árið 2000 geti farsímasamband dottið út en talsímasamband geti þá haldist. Að mati Mílu er það gríðarlega mikilvægt að menn sem vinni að bilunum geti haft samband við umheiminn ef möguleiki er á því, sérstaklega þegar um er að ræða rými utan alfaraleiða eða þegar náttúruhamfarir eigi sér stað. Rétt sé að benda á að þessi kostnaður sé óverulegur hluti heildarkostnaðar við hýsingu eða um [...] kr. á ári. Einnig telur Míla að það sé algjörlega fráleitt að halda því fram að Míla skuli ein bera þennan kostnað. Þessi kostnaður sé í þágu allra sem í húsunum eru og sé því eðlilega hluti af rekstrarkostnaði húsanna, rétt eins og varaafsvélar og húsvoiktunarkerfi, enda hafi allir hýsingaraðilar aðgang að þessum sínum.

Afstaða PFS

PFS fellst á það sjónarmið Mílu að fast símasamband í tækjarýmum sé eðlileg varúðarráðstöfun á meðan ekki er hægt að tryggja annað hagkvæmara samband á jafn öruggan hátt. PFS telur því ekki vera ástæðu til að fella þennan kostnað úr kostnaðarlíkaninu, auk þess sem um er að ræða mjög lítinn hluta af heildarkostnaði hýsingastaða.

Vodafone gerir athugasemd við hýsingaflokkinn „Salir“ sem áður bar heitið „blandaður markaður“.

Að mati Vodafone væri rétt að skipta flokknum „Salir“ í a.m.k. tvo flokka, annars vegar „Stærri Salir“ og hins vegar „Minni Salir“. Stærri Salir væru að mati Vodafone fullkomnari hýsingarsalir (e. Data Center) þar sem meira væri kveðið á um uppitíma rafmagns, loftræstingu, aðgengismál og öryggi. Rekstur slíkra sala feli í sér hærri rekstrarkostnaði en rekstur Minni Sala. Minni Salir væru hýsingastaðir eins og t.d. Smárahvammur sem er lítil símastöð með minni kröfu um uppitíma rafmagns, loftræstingu, aðgengismál og öryggi.

Stærri Salir¹ væru salir sem einungis væru í boði fyrir Skiptasamstæðuna en Minni Salir² væru þeir sem væru í boði fyrir aðra aðila á markaðnum. Breytt fyrirkomulag myndi tryggja að fjarskiptafélög greiði ekki sérstaklega fyrir aðstöðu Skiptasamstæðunnar í Stærri Sölum heldur greiði þau rétt og lægra verð fyrir þá hýsingaraðstöðu sem standi þeim til boða. Sú aðferð að skilgreina alla Sali undir einn og sama flokkinn feli einungis í sér niðurgreiðslu á hýsingargjaldi fyrir Skiptasamstæðuna sem að mati Vodafone sé óeðlilegt.

Í andsvörum Mílu bendir Míla á að það séu aðeins 7 rými skilgreind sem Salir en það séu þau rými sem séu stærst og bjóða upp á meiri möguleika og fjölbreyttari hýsingu en aðrir staðir. Smárahvammur er ekki flokkaður sem Salir heldur sem þéttbýli. Míla bendir á að tilvísun í hýsingu sem Síminn leigi út eigi ekki við hér, enda sé það ekki hluti af hýsingu Mílu og því ekki hluti af kostnaðargreiningu fyrir hýsingu.

Míla áréttar það að allir viðskiptavinir Mílu geti leigt hýsingu í Sölum á meðan rými er fyrir hendi en það sé misjafnlega mikið eftir sölum.

Afstaða PFS

Eins og kemur fram í andsvörum Mílu virðist gæta misskilnings hjá Vodafone varðandi tækjarými sem flokkuð eru undir heitinu „Salir“. Leiguverð í sölum er lægra en í öðrum flokkum og stafar það m.a. af betri nýtingu þessara staða en annarra hýsingastaða í þéttbýli. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem PFS hefur er það mat stofnunarinnar að ekki sé verið niðurgreiða hýsingargjald fyrir Skiptasamstæðuna með hýsingagjaldi í Sölum.

2.3 Fjárfestingar Mílu í hýsingum

Vodafone vísar í kostnaðargreininguna þar sem fram kemur að í síðustu kostnaðargreiningu frá 2010 hafi vantað nokkur hús í eigu Mílu auk þess sem 2 hús hefðu verið tvítalin í líkaninu. Vodafone óski eftir frekari upplýsingum um það hvaða hús Míla ætti við svo hægt væri að leggja mat hvort að umrædd húsnæði hafi haft áhrif á hýsingarkostnað.

Vodafone bendir á, varðandi rými fyrir gám undir varavél í Ármúla 31, að í Ármúla 31 sé hýsingarsalur Símans og að sá hýsingarstaður sé ekki aðgengilegur fyrir aðra aðila en þá sem eru innan Skiptasamstæðunnar. Telur Vodafone því óeðlilegt að sá kostnaður sem falli til við uppbyggingu rýmisins falli inn í reiknilíkan fyrir hýsingarverð.

¹ Vodafone vísar í vefslóð Símans þar sem lýst er tækjasölum hjá Símanum: <http://www.siminn.is/thjonusta/upplýsingataekni/radgjof/vottanir-og-serthekking/>

² Vodafone vísar í vefslóð Míla þar sem birtur er listi yfir tækjarými Mílu: http://www.mila.is/servlet/file/Vi%C3%83%C2%B0auki+4_T%C3%83%C2%A6kjary%C3%8C%C2%81mi+Mi%C3%8C%C2%81lu_okt_2013.pdf?ITEM_ENT_ID=19897&COLLSPEC_ENT_ID=2

Þá óskar Vodafone eftir frekari upplýsingum um þær varavélar sem ekki voru í líkaninu árið 2010 sérstaklega til að leggja mat á hvort að umræddar vélar hafi áhrif á kostnað vegna hýsinga. Ljóst sé að kostnaður við varavélar geti hlaupið á hundruðum þúsunda á ársgrundvelli og því mikilvægt að tryggja að einungis sé um að ræða varavélar sem séu fyrir hýsingaraðstöðu sem er öllum aðgengilegar.

Í andsvörum Mílu bendir Míla á að þær upplýsingar sem Vodafone óski eftir varðandi útreikninga á byggingakostnaði sé trúnaðarmál. Í viðauka 4 með viðmiðunartilboði fyrir hýsingar Mílu sé að finna lista yfir þau húsrými sem tilheyrðu kostnaðargreiningunni. Eins og fram hafi komið í kostnaðargreiningu Mílu hafi útreikningar miðað við sömu aðferðarfræði og í fyrri greiningu.

Það sé hins vegar rétt hjá Vodafone að gámur undir varavél sé vegna Ármúla 31, en það rými sé að öðru leyti ekki hluti af hýsingu Mílu. Árgreiðsla þessarar fjárfestingar sé [...] kr. og hefði ekki átt að vera meðtalin í kostnaðargreiningunni.

Þær varavélar sem bættust við kostnaðargreininguna frá fyrri greiningu voru varavélar á Akureyri, Þorbirni, Breiðholti og Viðarfjalli. Míla á 50% hlut í varavél á Þorbirni og Viðarfjalli og var tekið tillit til þess við útreikningana.

Afstaða PFS

Eins og fram kemur í andsvörum Mílu þá er ábending Vodafone varðandi varavél í Ármúla 31 rétt og þessi kostnaður hefði ekki átt að vera inni í kostnaðarlíkaninu, sjá nánar í kafla 3 hér að neðan. Hvað varðar þau hús sem vantaði í fyrri greiningu og þau hús sem voru tvítalin, þá eru áhrif þess núverandi gjaldskrá óveruleg þegar horft er til umfangs starfseminnar og innan eðlilegra skekkjumarka að mati PFS. Kostnaðargreining eins og hér er til umfjöllunar felur í sér skekkjuvalda, svo sem vegna matsþátta, fjölda viðfanga og kostnaðarstöðva.

2.4 Kostnaður vegna þjódvegaútboðs GSM 1

Vodafone vísar í samráðsskjalið varðandi útreikning á rekstarkostnaði og að kostnaði vegna þeirra húsa sem tilheyra þjódvegaútboðinu GSM 1 voru dregin frá. Vodafone gerir athugasemd við að Míla skuli telja hús er tilheyra þjódvegaútboðinu GSM 1 sem sína eign.

Hús sem tilheyri „þjódvegaútboði GSM 1“ sé eign Símans samkvæmt vitneskju Vodafone. Síminn væri það félag sem hafi unnið umrætt útboð og náði samningum við Fjarskiptasjóð á grundvelli þess. Í þeim samningi sé kveðið á um, skv. bestu vitund Vodafone, að óheimilt sé að selja eignirnar á meðan samningurinn sé í gildi. Vodafone geti ekki betur séð í umfjöllun Mílu en að félagið telji sig eiga umrædd hús sem fæli þá í sér framsal af hálfu Símans og væri því brot á ákvæðum samnings. Ástæður þess að Vodafone gerir athugasemdir við afstöðu Mílu er sú að fáist eignarréttur félagsins viðurkenndur geti Míla í næsta viðmiðunartilboði tekið umræddar eignir inn í reiknilíkan sitt og þannig hækkað kostnað vegna hýsinga umfram það sem nú þegar er. Er það að mati Vodafone óeðlilegt, sérstaklega í ljósi þess að Fjarskiptasjóður hafi nú þegar greitt fyrir umrædd hús.

Afstaða PFS

Það er ekki á valdsviði PFS að kveða á um það hvort Míla eða Síminn eigi þau hús og möstrum sem tilheyra þjóðvegaútboði GSM 1. Það er hins vegar ljóst að Míla hefur rekið þessi hús um árabil innan Skiptasamstæðunnar sem bæði Síminn og Míla tilheyra.

Að mati PFS fellur gjaldskrá Mílu fyrir aðstöðuleigu í þessum húsum og möstrum undir gjaldskrárefirlit PFS með sama hætti og aðrir hýsingarflokkar, þegar samningur við Fjarskiptasjóð vegna þessa útboðs rennur út. PFS væntir þess að gjaldskrá fyrir þessa hýsingu muni byggja á kostnaði Mílu af þessari hýsingu að teknu tilliti til framlaga Fjarskiptasjóðs við uppbyggingu þessa hýsingastaða.

Fjarskiptasjóður telur rétt að í útreikningi á kostnaði til grundvallar almennrar gjaldskrár Mílu sé kostnaður sem tilheyrir þjóðvegaútboði fjarskiptasjóðs dreginn frá. Ákvörðun stofnunarinnar gagnvart kostnaðargreiningu Mílu nær því ekki til umræðra styrkra staða. Fjarskiptasjóður geri því ekki athugasemd við þessa ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Fjarskiptasjóður telji mikilvægt að hýsingarverð, einkum í strjálbýli og utan byggða, hamli ekki gegn samkeppni og markmiðum fjarskiptaáætlunar um útbreiðslu og gæði fjarskipta. Fjarskiptasjóður telur ekki sjálfgefið að Míla ehf. eða aðrir hýsingaraðilar sem eigi og reki fjarskiptaástöðu, sem byggð og rekin hefur verið fyrir opinbert fé, komist hjá því að bera þá gjaldskrá undir stofnunina.

Afstaða PFS

PFS staðfestir þann skilning Fjarskiptasjóðs að þessi kostnaðargreining sem hér er til umfjöllunar nær ekki til hýsingastaða í þjóðvegaútboði GSM 1.

Eins og fram kemur hér að framan þá telur PFS að gjaldskrá Mílu fyrir aðstöðuleigu í húsum og möstrum sem styrkt voru af Fjarskiptasjóði falli undir gjaldskrárefirlit PFS eins og aðrir hýsingarstaðir félagsins.

3 Niðurstaða kostnaðargreiningarinnar

Vodafone bendir á orðlag Mílu á bls. 20 í samráðsskjalinu, en þar segir:

„Niðurstaða úr kostnaðargreiningu árið 2010 var sú að reiknaðar tekjur áttu að nema [...] kr. Miðað við þá niðurstöðu er hækkunarþörf [...]. Tekjur fyrir júní 2013 eru [...]“

Vodafone spyr hvernig PFS sjái fyrir sér þróun í þessum málum, komi t.d. til uppbyggingar hjá öðrum aðilum á fjarskiptamarkaði. Hvort Míla geti ávallt hækkað kostnað sinn til að tryggja að tekjur félagsins verði ekki minni en þær „eigi að vera“. Vodafone bendir á að sé leiguverð Mílu of hátt leiti félög annarra leiða til að tryggja hagkvæmari rekstur. Ein leið sem félög geti farið væri að fara sjálf í uppbyggingu á hýsingarstöðum. Hefji félög sjálf uppbyggingu á hýsingarstöðum á sömu svæðum og

Míla geti Míla hækkað verð annarra hýsingarstaða og þannig komið í veg fyrir þá hagræðingu sem fjarskiptafélög gætu myndað með eigin uppbyggingu.

Vodafone telji mikilvægt að PFS samræmi þessi sjónarmið, stilli leiguverði í hóf og hvetji með þeim hætti til samnýtingar á aðstöðu og komi þannig í veg fyrir að félög neyðist til að ráðast í uppbyggingu á hýsingarstöðum til að komast hjá okurhýsingarverði.

Í andsvörum Mílu bendir Míla á að það sé ákvörðun PFS hvernig fyrirkomulag kostnaðargreininga skuli háttað. Míla ítreki þó það sjónarmið sitt sem oft hefur komið fram að fyrirtækið mótmælir því að fyrirtækinu sé gert að reka óhagkvæma staði á lágu verði. Líta beri á að fyrirtækið er einkafyrirtæki í samkeppnisrekstri sem beri að hafa eðlilega arðsemi af fjárfestingum.

Afstaða PFS

Með ákvörðunum PFS nr. 26/2007 vegna markaða fyrir heimtaugar, nr. 8/2008 vegna breiðbandsaðgangs og 20/2007 fyrir leigulínur o.fl. voru samhliða lagðar kvaðir á Mílu um aðgang að aðstöðu og eftirlit með gjaldskrá. Verð fyrir aðgang skyldi byggja á sögulegum kostnaði. Af þessu leiðir að kostnaðargreiningin sem hér er til meðhöndlunar er byggð á kostnaði Mílu við að veita umrædda þjónustu. Í markaðsgreiningu á markaði 4 og 5 sem PFS er með til meðferðar hefur stofnunin lagt til að kvöðum Mílu um aðgang að aðstöðu og eftirlit með gjaldskrá verði viðhaldið. PFS hyggst því ekki breyta því fyrirkomulagi að miða gjaldskrá fyrir hýsingu við kostnað við að veita þjónustuna.

Vegna vinnu við fyrri kostnaðargreiningu Mílu árið 2010 var framkvæmt endurmat á húsum, stoðkerfum og aðstöðu. Sú kostnaðargreining sem hér er til umfjöllunar byggir á þessu endurmati sem er í samræmi við reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Í því ljósi telur PFS að fjárfestingastofninn sem liggur til grundvallar þeirri niðurstöðu um verð fyrir hýsingu sem birt var í samráðsskjalinu gefi raunhæfa mynd af sviptivirði þeirra hýsingastaða sem nýttir eru undir aðstöðuleiguna. Framangreint stuðlar að aðhaldi á Mílu þar sem félagið getur ekki eingöngu byggt á eigin kostnaði við ákvörðun gjaldskrár. Jafnframt skoðar PFS þróun heildarkostnaðar viðkomandi starfsemi Mílu í samanburði við verðlagsþróun hverju sinni.

Þess ber að geta í þessu samhengi að í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun er tilgreint í 3. gr. lið 2. b. að PFS skuli hvetja til skilvirkrar fjárfestingar í innviðum fjarskipta og stuðla að nýbreytni. Ef aðgerðir eftirlitsstofnana leiða til þess að aðili eins og Míla nái ekki að endurheimta þann kostnað sem sannarlega verður til vegna hagkvæmrar fjárfestinga í innviðum mun það hafa neikvæð áhrif á hvata fyrirtækisins til frekari fjárfestingar. PFS er hins vegar heimilt að hafna kostnaði sem stofnunin telur stafa af óhagkvæmum rekstri.

Vodafone bendir á að í gjaldskrá Mílu sé verð fyrir 1. rými undir ljósmúffur 60x60x220 í sölum kr. 8.600 og í þéttbýli kr. 10.700. Vodafone telji að framangreind verð fyrir ljósleiðaramúffur séu allt of há. Vodafone telji að plássíð sem Míla telji nauðsynlegt fyrir ljósmúffurnar sé ofátlað sem og að aðstöðuleiga sé ódýr þar sem

þær séu oft staðsettar t.d. í kjöllum og kompum. Kostnaður við hverja og eina múffu ætti því að vera langt undir því verði sem tilgreint sé. Óski Vodafone eftir að því að PFS fari sérstaklega yfir þann útreikning Mílu sem notaður sé til að styðja uppgefið verð.

Í andsvörum Mílu tilgreinir Míla að fyrirtækið sé ósammála Vodafone um að verð fyrir ljósmúffur sé allt of hátt. Við kostnaðargreiningar sé leitast við því að deila út kostnaði á sem sanngjarnastan hátt. Það sé því eðlilegt að leigutakar á rými fyrir ljósmúffur taki þátt í kostnaði við rekstur húsnæðisins eins og aðrir leigutakar. Það sé ekki rétt að ljósmúffur séu oftast í kapalkjöllum eða kompum. Í flestum húsanna þar sem ljósmúffur séu uppsettar sé ekki kjallari fyrir hendi og þá séu ljósmúffurnar í flestum tilfellum í rými með annarri hýsingu.

Jafnframt telur Míla rétt er að benda Vodafone á það að ef þetta leiguverð lækki mun leiguverð á annarri hýsingu hækka, en Vodafone hafi hvergi leigt rými fyrir ljósmúffur.

Afstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 41/2010 varð það niðurstaða PFS að miða skyldi við 0,5 staðaleiningu fyrir hverja aðstöðu fyrir ljósmúffu. PFS studdist þar við mat sem byggði á staðsetningu og fyrirferð ljósmúffa GR í rými Mílu og að ekki væru gerðar sömu kröfur til þessa rýmis og annars hefðbundins leigurýmis, t.d. varðandi kælingu og staðsetningu í rými o.fl.

PFS telur að engar nýjar forsendur hafi komið fram sem kalli á breytingu á framangreindu mati stofnunarinnar, auk þess sem ekki hafa komið fram erindi um slíkt frá leigjendum á aðstöðu fyrir ljósmúffur.

Vodafone telur að boðaðar hækkarnir Mílu hvað varðar aðstöðu í möstrum séu of miklar og telur Vodafone að Póst- og fjarskiptastofnun þurfi að leggja mjög ígrundað yfir tilurð þeirra hækkana. Vodafone telur að hækkarnir sem þessar muni valda því að önnur fjarskiptafélög neyðist til að skoða alvarlega hvort hagkvæmara sé að byggja upp eigin fjarskiptamöstur og þannig koma í veg fyrir samnýtingu á fjarskiptastöðum með tilheyrandi umhverfis- og sjónmengun.

Afstaða PFS

Núverandi verðskrá Mílu byggir á kostnaðargrunni frá árinu 2009. Áætlað er að heildarleigutekjur Mílu hækki um 8,2% á ársgrundvelli miðað við tekjur samkvæmt núverandi gjaldskrá. Leigutekjur húsa hækki um 8,1% og leigutekjur mastra hækki um 8,6%.

Til samanburðar má nefna að frá desember 2010 til desember 2013 hækkaði byggingarvísitala um 18% og er því hækkinin töluvert minni en sem nemur vísitöluhækkuninni á tímabilinu. Í þessu ljósi telur PFS ekki ástæðu til að ætla að hækkinin sem hér er boðuð sé óeðlilega há.

Vodafone telur mikilvægt að Póst- og fjarskiptastofnun leggist vel yfir reiknilíkan Mílu og hvaða þættir falla þar innan. Mikilvægt sé að tryggja að ekki falli inn í hýsingarverð kostnaður fyrir hýsingarstaði sem einungis eru í boði fyrir Skiptasamstæðuna, en ekki önnur fjarskiptafélög. Óeðlilegt sé að mati Vodafone að önnur fjarskiptafélög séu að greiða kostnað við rekstur stærri og fullkomnari hýsingarstaða sem þau hafa ekki aðgang að.

Míla fellst á það með Vodafone að 15 hús sem ekki séu á vef Mílu eigi ekki að vera með í greiningunni og ennfremur ekki heldur gámur fyrir varavél fyrir Ármúla 31. Niðurstaðan er offærður kostnaður upp á [...] kr. sé tekið mið af reiknuðum hagnaði af þessum 15 húsum og árgreiðslu af varavél. Míla leggur til að þar sem þessi fjárhæð sé aðeins örlítill hluti af heildarkostnaði verði niðurstaða kostnaðargreiningarinnar látin gilda.

Afstaða PFS

Eins og kom fram hér að framan þá telur PFS það nauðsynlegt að miðað sé við að allir hýsingarstaðir séu með í kostnaðargreiningu Mílu óháð því hvort einn eða fleiri aðilar nýti viðkomandi aðstöðu. Hafa ber í huga að leiguverð Mílu á aðstöðu gildir jafnt hvort sem um er að ræða innri eða ytri sölu.

PFS bendir á að ekki sé tekin afstaða til þess hvort Míla brjóti jafnræðisreglum við veitingu á aðgangi eða ekki í þessari kostnaðargreiningu. Um það þarf að fjalla sérstaklega í öðru máli en hér er til umfjöllunar.

PFS hefur yfirfarið leiðréttingar og útreikninga Mílu sem fram koma í svari félagsins hér að ofan ásamt öðrum minniháttar leiðréttingum og er það niðurstaða stofnunarinnar að leiðrétta þurfi gjaldskrá þannig að verð pr. grunnleiguingu í Sölum lækkar úr 17.201 í 17.004 kr., í Dreifbýli lækkar úr 22.884 í 22.785 kr. og Utan byggða úr 39.788 í 39.671 kr. Aðrar leiguingar í flokkunum lækka samsvarandi.

ASÍ vísar í kjarasamninga sem gerðir voru þann 21. desember síðastliðinn. Ein helsta forsenda þeirra sé að verðbólga verði lág þannig tryggja megi stöðugleika og aukinn kaupmátt. Um þessa áherslur væri samstaða meðal samningsaðila og stjórnvöld hefðu tekið undir mikilvægi þeirra.

Í umræddum kjarasamningi hafi atvinnurekendur og launafólk sammælt um aðgerðir til að styðja við markmið um aukinn kaupmátt, minni verðbólgu og lækkun verðbólguvæntinga í efnahagslífinu. Meðal þeirra sé að fyrirtæki og stjórnvöld gæti ýtrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum. Eigi þetta að ganga eftir þurfi fyrirtæki á öllum sviðum atvinnulífsins, ríki og sveitarfélög að axla ábyrgð og sýna samstöðu með því að halda aftur af verðhækkunum.

Sú hækkun sem Póst- og fjarskiptastofnun hafi nú samþykkt á gjaldskrá Mílu ehf. fyrir aðstöðuleigu muni að endingu skila sér í hærra verðlagi til neytenda á fjarskiptamarkaði og hafa áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Fjármála- og efnahagsráðherra hafi ritað á dögnum bréf til stjórna ríkisfyrirtækja þar sem þeim eindregnu tilmælum var beint til allra fyrirtækja í ríkiseigu að gæta fyllsta aðhalds við gjaldskrárbreytingar og að þegar ákvarðaðar hækkunar verði endurskoðaðar í ljósti

markmiða kjarasamninga um lága verðbólgu og aukinn kaupmátt. Með þessu taki ráðherrann undir með Alþýðusambandinu sem hvatt hefur fyrirtæki og opinbera aðila til að leggjast á sveif með launafólki og styðja við markmið kjarasamninga með því að hækka ekki verð á vörum sínum og þjónustu. Í því ljósti skjóti skökku við að opinber eftirlitsaðili skuli á sama tíma heimila einkasöluaðila að hækka gjaldskrá sína um allt að 9%.

ASÍ skorar á stofnunina að endurskoða fyrirhugaða ákvörðun sína.

Afstaða PFS

Eins og áður hefur komið fram er núverandi heildsölugjaldskrá Mílu fyrir aðstöðuleigu byggð á kostnaðargrunni frá árinu 2009 og hefur gjaldskráin verið óbreytt frá árinu 2010. Hækkunin er byggð á hækkun á kostnaði Mílu við að veita þessa þjónustu og er töluvert minni en sem nemur hækkun byggingarvísitölu á þessu tímabili. Hækkun gjaldskrár nemur um 8,2%, en hækkun á byggingarvísitölu er um 18% á sama tíma. PFS hefur undanfarin ár ekki samþykkt óskir Mílu um hækkunir á gjaldskrá í grundvelli vísitöluhækkana.

Með ákvörðunum PFS nr. 26/2007 vegna markaða fyrir heimtaugar og 20/2007 fyrir leigulínur o.fl. voru samhliða lagðar kvaðir á Mílu um aðgang að aðstöðu og eftirlit með heildsölugjaldskrá. Verð fyrir aðgang skyldi byggja á sögulegum kostnaði ásamt hæfilegum hagnaði. Af þessu leiðir að kostnaðargreiningin sem hér er til meðhöndlunar er byggð á kostnaði Mílu við að veita umrædda þjónustu.

Vegna vinnu við fyrri kostnaðargreiningu Mílu árið 2010 var framkvæmt endurmat á húsum, stoðkerfum og aðstöðu. Sú kostnaðargreining sem hér er til umfjöllunar byggir á þessu endurmati og er það í samræmi við reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Í því ljósi telur PFS að fjárfestingastofninn sem liggur til grundvallar þeirri niðurstöðu um verð fyrir hýsingu sem birt var í samráðsskjalinu gefi raunhæfa mynd af sviptivirði þeirra hýsingastaða sem nýttir eru undir aðstöðuleiguna. Framangreint stuðlar að aðhaldi á Mílu þar sem félagið getur ekki eingöngu byggt á kostnaði fyrirtækisins við ákvörðun gjaldskrár. Í mati sínu á kostnaði Mílu ber PFS saman þróun heildarkostnaðar viðkomandi starfsemi Mílu við verðlagsþróun hverju sinni. PFS er jafnframt heimilt að hafna kostnaði sem stofnunin telur stafa af óhagkvæmum rekstri.

PFS ber í fyrirhugaðri ákvörðun sinni að taka tillit til laga um Póst- og fjarskiptastofnum, laga um fjarskipti og viðeigandi reglugerðir. PFS er því ekki heimilt að horfa framhjá niðurstöðu kostnaðargreiningar Mílu og ákveða óbreytt gjald fyrir leigu á aðstöðu í húsum og möstrum á grundvelli markmiða kjarasamninga um lága verðbólgu og aukinn kaupmátt.